



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Númer: 11/2018

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

19. febrúar 2018

Tilvísun: 2017110013

Efni: Kynning á viðmiðunarreglum EBA varðandi áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (e. guidelines) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja og tengjast CRD IV regluverkinu, m.a. viðmiðunarreglur varðandi áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni. Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi með setningu laga nr. 57/2015 og laga nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, svo og setningu reglugerðar nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA varðandi áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni, auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Þessar upplýsingar eru að finna á eftirfarandi slóð á heimasíðu FME: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/>, eða undir flípanum Réttarheimildir og EES viðmiðunarreglur. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferli stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna.

Viðmiðunarreglur EBA verða lagðar til grundvallar við mat á stýringu rekstraráhættu vegna könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins, sbr. 54., 80. og 81. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þann **6. mars nk. kl. 10.00** fer fram kynning á viðmiðunarreglum EBA um áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni. Kynningin fer fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/supervisory-review-and-evaluation-srep-and-pillar-2/guidelines-on-ict-risk-assessment-under-the-srep>

Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme@fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur EBA varðandi áhættu vegna samskipta- og upplýsingatækni“.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Stella Thors
Stella Thors